



Ljósmynd: Brjánn Baldursson.

Lið Flóaskóla sigraði í Skólahreysti

Úrslitakeppni Skólahreystis fór fram í Laugardalshöll sl. laugardag, þar sem Flóaskóli og Laugalækjarskóli luku keppni með jafn mörg stig, 57,5 af 72 mögulegum.

Þegar svo ber við ræður gengi skólanna í keppnisgreinum fimm úrslitum og var Flóaskóli stigahærri í þremur keppnisgreinum af fimm og stóð því uppi sem sigurvegari, en

Flóaskóli vann keppnina síðast árið 2022. Í þriðja sæti varð svo Laugalandsskóli með 49 stig.

Lið Flóaskóla skipa þau Helgi Reynisson, Ásrún Hansdóttir, Karólína Þórbergisdóttir og Davíð Örn Atiken Sævarsson. Helgi Reynisson úr Flóaskóla bar sigur úr býtum í upphífungum, 52 talsins.

Bronsið Laugalandsskóla skipa Vikar Reyri Víðisson, Esja

Sigríður Nönnudóttir, Helga Fjöla Erlendsdóttir og Steindór Orri Þórbergsson.

Aðrir skólar sem kepptu í úrslitum í ár voru Grunnskólinn á Hellu, Holtaskóli, Grunnskóli Húnaþings vestra, Langholts-skóli, Þelamerkurskóli, Grunnskólinn austan Vatna, Varmahlíðarskóli, Hraunvallaskóli og Hagaskóli.

Sylvía tekur við sem sveitarstjóri

Á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 22. maí lagði Haraldur Þór Jónsson, oddviti og sveitarstjóri, fram tillögu að nýju skipuriti fyrir sveitarfélagið og stakk upp á að Sylvía Karen Heimisdóttir fjármálastjóri tæki við starfi sveitarstjóra frá og með 22. maí og út kjörtímabilið.

Haraldur Þór hefur sinnt bæði starfi oddvita og sveitarstjóra síðustu tvö ár með góðum árangri. Uppsafnaður rekstrarafgangur

síðustu tveggja ára er rúmar 252 milljónir og veltufé frá rekstri rúmar 372 milljónir. Skuldahlutfall sveitarfélagsins hefur lækkað í 36,9% og veltufé frá rekstri er 17,3%. Sveitarfélagið er vel í stakk búið til að takast á við komandi uppbyggingu. Nýtt skjala- og málakerfi hefur verið innleitt og stjórnsýslan orðin raf-ræn.



Sveitarstjórn samþykkti nýtt skipurit og ráðningu Sylvíu Karenar Heimisdóttur sem sveitarstjóra. Sylvía Karen hefur tekið við daglegum rekstri sveitarfélagsins. Hún hefur starfað hjá sveitarfélaginu síðan 2020 og sinnt m.a. starfi sveitarstjóra 2021-2022.

Haraldur Þór Jónsson mun áfram starfa sem oddviti í fullu starfi og leiða fyrirhugaða uppbyggingu sveitarfélagsins, en fjárfestingar næstu tveggja ára nema 1,4 milljörðum króna.



Nýr meirihluti í Árborg.

Bæjarstjórnarskipti í Árborg og nýtt meirihlutasamstarf

Áundanförnum tveimur árum hefur meirihluti Sjálfstæðisflokksins í Árborg, í samstarfi við starfsfólk sveitarfélagsins, náð miklum árangri í að bæta rekstur þess og taka á skuldastöðu sveitarfélagsins. Eining hefur ríkt meðal meirihlutans og samstarfið við minnihlutann, sérstaklega bæjarmálafélagið Áfram Árborg, hefur verið gott. Meirihlutinn hefur lagt áherslu á að styrkja innviði sveitarfélagsins.

Samkomulag var gert í upphafi kjörtímabils að Fjöla Kristinsdóttir, annar maður á lista Sjálfstæðisflokksins,

yrði bæjarstjóri fyrstu tvö árin og Bragi Bjarnason, oddviti Sjálfstæðisflokksins, tæki við 1. júní 2024. Fjöla hefur nú tilkynnt að hún muni falla frá þessu samkomulagi og yfirgefa meirihlutann. Sjálfstæðisflokkurinn mun halda sig við upphaflega samkomulagið og Bragi Bjarnason tekur við embættinu eins og ráðgert var.

Áfram Árborg hefur gengið til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu og velferð íbúa. Þessir tveir flokkar mynda nú traustan meirihluta í sveitarfélaginu og horfa bjartsýnir til framtíðar verkefna.

14

Frá Selalæk í Litlu Hryllingsbúðina

Fáðu
fagmann
í verkið



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN
BÍÐA ÞÍN



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi





HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

**Sendibílar
á Suðurlandi**

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Strókur virknimiðstöð með basar

Það verður sannkölluð sum-arhátíð hjá Klúbbnum Strók virknimiðstöð að Skólavöllum 1 á Selfossi laugardaginn 1. júní næstkomandi á milli kl. 13-16 þegar við höldum okkar árlega basar og þér kærir lesandi er boðið að gleðjast með okkur. Til sölu verður virkilega vandað og fallett handverk sem stróksfélagar hafa unnið að í vetur og má þar helst nefna málverk, steypa sveppi, steina og aðrar figúrur í garðinn sem er búið að handmála, tóskur, buddur, pyngjur, skartgripir og málaða blómapotta. Sjón er sögu ríkari. Í garðinum verður söngskemmtun sem Erlendur Eiríksson leikari og söngvari mun stýra og munu stróksfélagar grilla pylsur ofan í gesti. Það má svo sannarlega ekki gleyma vöflluðum þegar saman er komið og verður að sjálfsögðu hægt að fá sér nýbakaða vöfllu með kaffibollanum.

Klúbburinn Strókur er virknimiðstöð fyrir fólk 18 ára og eldra sem eru utan vinnumarkaðar en vill halda sér félagslega virku. Ástæður



fyrir að vera utan vinnumarkaðar geta verið margar og mismundandi – andleg og/eða líkamleg veikindi reyna á og því mikilvægt að hafa fastan punkt í tilverunni sem hægt er að mæta á eftir dagsformi og hentugleika. Strókur er opinn frá 8:30 – 15:00 mánudaga til fimmtudaga, það er frjáls mæting og enginn kostnaður fylgir því að vera virkur félagi. Hjá Strók er jafningjastuðningur og allir fá tækifæri til að láta ljós sitt skína. Enginn getur allt en allir geta eitthvað. Við leggjum mikið upp úr samvinnu, gleði og vináttu. Við hvetjum fólk til þess að kynna sér starfssemina og styðja gott málefni í leiðinni, við tökum vel á móti þér og ykkur þann 1. júní næstkomandi.

Fjola Einarsdóttir,
forstöðumaður Stróks

Stórkostlegur árangur þrátt fyrir krefjandi aðstæður

Mýrdalshlaupið fór fram í 11. skipti í Vík í Mýrdal síðasta laugardag. Keppt var í 10 km og 21 km hlaupi en auk þess fór fram 3 km skemmtiskokk sem var vel sótt. Talsverð súld og þoka var yfir rásmarkinu í fjörunni í Vík þegar tæplega 400 keppendur lögðu af stað kl. 11.00. Hlauphaldarar höfðu tekið ákvörðun um að breyta hlaupaleið lengra hlaupsins og sneiða framhjá efsta tindri Höttu til að tryggja öryggi þátttakenda í þokunni. Þegar líða tók á hlaupið hætti úrkoman og þokunni létti svo keppendur í 21 km hlaupinu fengu útsýni úr Höttuhlíðum á leið niður í Vík.

Þrátt fyrir nokkuð krefjandi aðstæður var hiti í fólki og árangur keppenda í ár hreint stórkostlegur, en ekki bara einn heldur tveir keppendur hlupu undir brautarmeti.

Meðal keppenda voru þau Mari Järsk og Guðni Th Jóhannesson forseti Íslands, en þau komu saman í mark í 10 km hlaupinu á glæsilegum tíma 1 klst og 16 mínútur, eftir að hafa hlaupið fjöruna og um Reynisfjall. Hlutskörpust í 10 km hlaupinu voru þau Sonja Sif Jóhannsdóttir á tímanum 53:14 og Sigurjón Ernir Sturluson á tímanum 41:23. Þess ber að geta að Sigurjón setti nýtt brautarmet, og Þórólfur Ingi Þórisson sem var í öðru sæti á tímaun 42:13 hlupu báðir undir gamla brautarmetinu. Keppendur í 21 km hlaupinu hlupu norður Reynisfjall og yfir á Höttu austan við Vík, og voru þar hlutskörpust Nils Fischer 01:38:55 og Andr-



Nils Fischer sigurvegari karla í 21 km hlaupinu uppi á Reynisfjalli. Ljósmynd: Páll Jökull Pétursson.



Andrea Kolbeinsdóttir sigurvegari kvenna í 21 km hlaupinu uppi á Reynisfjalli. Ljósmynd: Páll Jökull Pétursson.

ea Kolbeinsdóttir á tímanum 01:48:57.

„Þetta var bara geggjáð, þó að veðrið hafi ekki verið það besta fannst mér það bara gera þetta skemmtilegra. Þetta er eitt af uppáhalds hlaupunum mínum hérna á Íslandi. Ég var búin að lofa þjálfaranum mínum hjá Fjallahlaupaþjálfun, þar sem það er bara vika í Evrópumeistaramótið í utanvegahlaupum, að fara bara á 90% krafti. Hann var ekkert mjög spenntur fyrir því að ég væri að fara í keppnishlaup svona stuttu fyrir stórmót, svo ég lofaði honum að fara bara á 90%, en ég gat bara ekki sleppt þessu. Ég hélt mig við 90% og mér leið bara rosalega vel allan tíman. Þetta er bara svo geggjáð hlaup, ótrúlega vel skipulagt og ekki hægt að setja út á neitt, þetta er bara frábært.“ Segir Andrea

glöð í bragði eftir hlaupið.

Aðspurð hvernig Evrópumót-ið leggjóist í hana segir Andrea: „Sérstaklega eftir þessa reynslu, þar sem næringin gekk vel og ég var að æfa mig að nota stafi, er ég bara ótrúlega spennt fyrir EM. Það er erfitt að segja til um einhver ákveðin markmið, en ég ætla að gera mitt allra besta og skilja allt eftir í brautinni og sjá hverju það skilar mér.“ En Andrea er ein skærasta vonarstjarna utanvegahlaupa á Íslandi um þessar mundir.

„Þetta var ótrúlega flott í gegn! Þetta var hugsað sem nokkuð hröð æfing fyrir EM sem er næstu helgi, en svo var Þórólfur Ingi Þórisson mættur á startlinuna svo þetta breytist úr því að vera þétt yfir í frekar þétt. Við pressuðum vel upp fyrstu brekkuna og maður fann alveg fyrir því að þetta tók vel í og við sigldum saman fyrstu 6 km. Þá fann ég að ég gat ýtt mér lengra og náði forskoti og var sterkari í síðustu hækkininni áður en við tókum niðurhlaupið. Aðaltílgangurinn var að pressa upp og hamra vel niður og undirbúa fæturna fyrir EM. Þetta gekk vel og ég náði að rulla mjög hratt og vel niður brekkuna. Og brautarmetið skemmtileg viðbót við reynsluna. Þó að veðrið hafi ekki verið það besta þá slapp þetta bara mjög vel til,“ segir Sigurjón Ernir Sturluson sem setti nýtt brautarmet í 10 km brautinni með sigri sínum á laugardag.

Framkvæmd hlaupsins gekk vel og öll umgjörð hlaupsins var til fyrirmyndar. Hlaupið er skipulagt og haldið af sjálfsboðaliðum í góðgerðarskyni og eru ýmis félagsamtök sem njóta góðs af framkvæmd hlaupsins, meðal annars Ungmennafélagið Katla, Jaðarsportklúbburinn Víkursport, Björgunarsveitin Víkverji og Kvenfélagið Ljósbrá. Verslunin Eirberg er helsti samstarfs- og styrktaraðili Mýrdalshlaupsins og fengu allir verðlaunahafar hlaupsins vinn-inga frá Eirberg.



Fjölskyldan sem heldur utan um skipulag og framkvæmd físlétt í upphafi dags. Ljósmynd: Páll Jökull Pétursson.



Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og Guðni Páll Pálsson hlaupstjóri Mýrdalshlaupsins. Ljósmynd: Páll Jökull Pétursson.

Jóhannes Ægir Kristjánsson
sölustjóri stóreldhústækja hjá Expert



Það er ávísun á gæði og árangur að fá Expert í málið

Reynslumiklir sérfræðingar okkar veita ráðgjöf við sölu
á tækjum og rekstrarvörum fyrir stóreldhús, veitingastaði, hótél og fyrirtæki.
Expert selur einungis gæðavöru frá viðurkenndum aðilum.

EXPERT

VINNUM MEÐ ÞEIM BESTU

Höfðabakki 7, 110 Reykjavík | expert.is

Bergrós Björnsdóttir mætti á hækjum og fór heim með silfrið

Selfyssingurinn og CrossFit Sundrabarnið Bergrós Björnsdóttir vann silfurverðlaun í -71kg flokki kvenna á Heimsmeistaramóti ungmenna í Ólympískum lyftingum í höfuðborg Perú, Lima í síðustu viku. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingur vinnur til verðlauna á Heimsmeistaramóti í Ólympískum lyftingum yfir alla aldursflokka. Hún lyfti samanlagt 198kg og á öll Íslandsmet í sínum aldursflokki.

Samkvæmt Alþjóða lyftingasambandinu átti Bergrós bestu frammistöðu á næstsíðasta degi mótsins. Fyrir sex dögum gat hún ekki gengið eftir að hafa tognað á ökkla í CrossFit keppni í Frakklandi. Hún kom til Lima á hækjum en endaði sem fyrsti Íslendingurinn til að vinna á heimsmeistaramóti ungmenna í Ólympískum lyftingum, og var hársbreidd frá því að verða heimsmeistari.

Bergrós hefur tryggt sér rétt til að keppa á heimsleikunum í CrossFit í aldursflokki 16-17 ára, eftir síðustu undankeppni fyrir heimsleikana sem fram fór í Frakklandi, þar sem hún var yngst keppenda. Heimsleikarnir fara fram í Bandaríkjunum í lok ágúst og verða það hennar þriðju heimsleikar í röð, sem enginn annar Íslenskur unglingur hefur afrekað.

Vildi nýta tækifærið

„Síðasta sunnudag gat ég ekki gengið. Ég kom hingað vegna þess að þetta er síðasta árið mitt sem unglingur. Ég vildi nýta tækifærið því ég hélt að ég gæti komist á verðlaunapall. Eftir meiðslin bjóst ég ekki við að vera tilbúin. Það er nánast kraftaverk að ég hafi keppt. Lyftingar eru sterk hliðin mín í CrossFit, svo ég einbeiti mér ekki mikið að þeim á æfingum, varla neitt. Ég vinn heldur í öðrum sviðum. Fyrir þessa keppni æfði ég aðeins meira til að undirbúa mig, en ekkert klikkað,“ sagði Bergrós í viðtali við Alþjóða lyftingasambandið.



„Satt best að segja líkar mér betur við CrossFit, það er meira spennandi og meira að gerast í þriggja daga keppni. CrossFit á hjartað mitt. Lyftingar, æ, þær eru svolítið leiðinlegar,“ bætti Bergrós hlajandi við.

„Bergrós vakti svo sannarlega athygli með frammistöðu sinni, það var hörkuspenna á áhorfendabekkjum þegar hún átti loka lyftuna sem ákvað hver yrði heimsmeistari. Ökklinn var klárlega að stríða henni þegar hún missti jafnvægið, en það er kraftaverk að hún hafi getað keppt,“ sagði Berglind Hafsteinsdóttir, móðir Bergrósar, í samtali við Dagskrána.

Tuttugu keppendur voru með Bergrós í A-hóp í -71kg flokki og hún var með eitt hætta „entry total“ á móti nu.

„Entry Total“ þýðir að keppandi þarf að byrja jafnhendinguna ekki lægra en 20kg frá entry total. T.d. ef keppandi snarar best 80kg þá mun hann þurfa að byrja jafnhendinguna á 100kg. Þetta er gert til að raða keppendum eftir getu í A og B hópa, og ef þarf, C og D.

Bergrós hóf keppni í snörun á 85kg og fór síðan í 88kg, sem kom henni í fjórða sætið og var 1kg bætning á Íslandsmetinu. Í loka tilrauninni fór hún í 91kg sem hefði tryggt henni gull en náði ekki að klára lyftuna. Í jafnhendingu opnaði hún á 110kg, sem var 10kg betra en hún hafði áður gert og 4kg bætning á Íslandsmetinu. Við það fór hún upp í annað sætið og þriðja sætið í jafnhendingu. Hún reyndi síðan 114kg til að komast í fyrsta sætið, en náði ekki að klára lyftuna. Að lokum keppti hún við Sarah Ochoa frá Venesúela, sem var í forystu, í 115kg. Þegar Sarah missti lyftuna fékk Bergrós tækifæri til að vinna gullið, en missti jafnvægið í lokalyftunni og náði því ekki.

HGL



Sunnlenski matgæðingurinn



Guðrún Margrét Jökulsdóttir er matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég vil þakka samstarfsskonu og vinkonu minni henni Margréti fyrir þessa áskorun. Ég ákvað að setja uppáhalds fiskrétt fjölskyldunnar sem er jafnframt úr einni af minni fyrstu uppskriftabókum Af bestu lyst gefin út 1994.

Karrífiskur með hrísgrjónum

600 g fiskflak, roð- og beinhreinsað
2 dl hrísgrjón
2 dl súrmjólk
4 msk. léttmajónes
2 tsk. karri
Salt
100 g nýir eða niðursoðnir sveppir
3 msk. ostur, rifinn

Uppskrift fyrir fjóra.

Undirbúningur: 20 mínútur.

Bökunartími 30-40 mínútur.

Sjóðið hrísgrjónin eftir leiðbeiningum á umbúðum

Hrærið saman súrmjólk, majónes, karri og salt

Setjið soðin hrísgrjónin í smurt, ofnfast fat. Skerið fiskinn í bita, raðið honum yfir hrísgrjónin og stráið salti yfir.

Sneiðið sveppina og dreifið þeim yfir fiskinn.

Hellið karrísósunni yfir réttinn.

Bakið í miðjum ofni við 200°C í 30-40 mínútur.

Ég vil skora á samstarfsskonu mína/yfirmann hana Berglindi Rós Ragnarsdóttur að koma með einhverja snilldar uppskrift fyrir okkur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Stráíð osti yfir réttinn og bakið áfram þangað til osturinn hefur fengið fallegan lit.

Þessi er gerður mjög oft á mínu heimili og alltaf jafn góður. Gott er að hafa ferskt salat með að eigin vali.

Svo ákvað ég að setja inn einn eftirrätt sem hefur slegið í gegn í veislum hjá mér.

Púðursykurs marengsskálur með fylling

4 eggjahvítur
150 g púðursykur
80 g sykur

Þeytið þar til að stífnar.

Sprautið rós á plötu og svo upp hliðarnar svo myndist skál.

Bakið við 140°C í 40 mín

Fylling

Karmellusósa að eigin vali í botninn. Fyllt með rjóma. Skreytið með berjum.

Nýr yfirlæknir á bráðamóttöku HSU á Selfossi

Brynja Kristín Einarsdóttir hefur tímabundið verið ráðin sem nýr yfirlæknir bráðamóttökunnar á Selfossi, frá 1. maí til 15. september.

Brynja kláraði árið 2019 læknanám við háskólann í Debrecen, Ungverjalandi og starfaði samhliða náminu m.a á bráðamóttöku Selfossi, sjúkrahúsinu Vogu og heilsugæslunni Hveragerði og Þorlákshöfn.

Að námi loknu hóf hún störf á sjúkrahúsinu á Akureyri og vorið 2020 tók við sérnám í bæklunarskurðlækningum á SAK. Tveimur árum síðar færði Brynja sig um set og hóf störf á bæklunarskurðeild



Landsþítalans þar til hún byrjaði á bráðamóttöku HSU þann 1. mars sl. **HSU**



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Viltu í skyndi skjóta mér?

Skvísa mikil þetta er.

Úr bréfi hún er gjarnan gerð,

gömlum þörf í búðarferð.

Svar við gátu í blaði 2752: **BÓL**

1. Eiríkur frá Bóli, harmóníkuleikari og lagahöf.

2. Fer að hátta - 3. Ból á enda veiðineta - 4. (b)ól





HÚSASMIDJU HÁTIÐ



Gildir einnig í vefverslun

25% afsláttur

Miðvikudag til laugardags á Selfossi

Garðverkfæri (Gildir ekki af Ikra) **25%** • Sláttuvélar og orf **25%** • Mosatætarar og hekkklippur **25%** • Rafmagnsverkfæri (Black+Decker, Worx) **25%**
Háprýstidælur (Nilfisk) **25%** • Stigar og tröppur (Elkjop/Jumbo) **25%** • Allar vörur í Blómauval **25%** • Sumarblóm, garðplöntur og trjáplöntur **25%**
Blómapottar **25%** • Vasar og gjafavara **25%** • Grill (Gildir ekki á Weber) **25%** • Innimálning **25%** • Útimálning **25%** • Pallalía og viðarvörn **25%**
Garðhúsgögn **25%** • Pallahitari **25%** • Reiðhjól og fylgihlutir **25%** • Búsáhöld **25%** • Vinnuhanskar **25%** • Pottar og pönnur **25%**
Diskar og glös **25%** • Ruslapokar **25%** • Flísar **25-40%** • Parket **25-40%** • Blöndunartæki eldhús og bað (Grohe og Damixa) **25%**
Vaskar, handlaugar og salerni **25%** • Uppblásnir rafmagnspottar **25%** ... og margt fleira



**Allir fá íspinna
á Selfossi**

á laugardag á meðan
birgðir endast



**Grillum pylsur
á Selfossi**

á laugardag kl. 12-14

Forseti Íslands - Fyrir fólkið í landinu

Fyrir rúmum mánuði síðan höfðu um 80 einstaklingar lýst yfir fyrirætlan sinni um forsetaframboð. Af þeim tókst 12 að safna meðmælum til að fara í formlegt framboð. Til að byrja með fannst mér þessi mikli fjöldi frambjóðenda draga úr virðuleika og alvöru kosninganna, en eftir að ég fór að fylgjast með kappræðum og viðtölum snerist mér hugur. Hvað gæti verið lýðræðislegra en svo ólíkir frambjóðendur sem eru að einhverju

leiti með ólíka sýn og áherslur á embættið?

Það er ekki víst að næsti forseti lýðveldisins okkar verði með mikið kjörfylgi, miðað við oft áður, en hvert og eitt okkar ætti svo sannarlega að finna eitt-hvað við sitt hæfi meðal þeirra sem gefa kost á sér. Við höfum kannski skipað okkur í fylkingar, eftir uppáhalds forsetaefninu okkar, en ég held að í grunninn viljum við öll það sama; fulltrúa sem talar máli okkar út á við á

skeleggan hátt, talar fyrir og stendur vörð um sameiginlega hagsmuni þjóðarinnar, og ljáir þeim röddu sína sem á þurfa að halda.

Frá því að Baldur Þórhalls-son bauð sig fyrst fram hef ég verið ákveðin í að kjósa hann. Fyrir því eru nokkrar ástæður:

Í fyrsta lagi er Baldur flestum fróðari um stöðu og möguleika Íslands í samfélagi þjóðanna, enda sérhæfður fræðimaður á því sviði. Hann kemur því betur

undirbúinn en flestir í hvers kyns samræður og samtöl á alþjóðavettvangi.

Í öðru lagi finnst mér meira traustvekjandi að forseti lýðveldisins komi úr fræðasamfélaginu, en að viðkomandi sé atvinnupólitíkus eða tengdur öflum í viðskiptalífinu, án þess að ég sé að skjóta beint á aðra frambjóðendur.

Í þriðja lagi fæddist Baldur á Selfossi. Ég segi í hálfgerðu gríni að það sé gæðastimpill út af fyrir sig, en í raun eigum við Sunnlendingar að vera stolt yfir því að eiga svo frambærilegan fulltrúa í þessum kosningum – bóndasoninn frá Hellu sem er fræðamaður í heimsklassa.

Í fjórða lagi mun Baldur tala fyrir mannréttindum allra. Ekki bara á sérstökum tyllidögum, heldur alltaf þegar ástæða er til. Ég viðurkenni fúslega að hín-segin hjartað mitt gleðst líka yfir þeim möguleika að geta kosið samkynhneigðan forseta, en við megum ekki gleyma því að Baldur er ekki í framboði af því að hann er samkynhneigður. Það er bara bónus. Þó að það myndi vissulega senda sterk (og þessi misserin þörf) skilaboð, þá hefur hann ótal margt fram að færa sem tengist ekki kynhneigð hans.

Í fimmta lagi tel ég hann

Elin Esther Magnúsdóttir



öðrum líklegri til að taka góðar ákvarðanir þegar kemur að neitunarvaldi forseta. Við höfum áður séð því valdi beitt og vitum hversu mikilvægt er fyrir þjóðina að forsetinn geti staðið í lappirnar gagnvart þinginu.

Í sjötta lagi finnst mér hann hafa talað af yfirvegun og skynsemi um ýmis mál undanfarin ár, til dæmis um varnarmál Íslands, og virðist trúr eigin skoðunum. Ég upplifi að hann beri hag þjóðarinnar sannarlega fyrir brjósti, og muni ganga fram fyrir hennar hönd af heilindum og heiðarleika.

Það er stutt í kosningar. Líklega erum við flest búin að mynda okkur skoðun um hvaða frambjóðanda við ætlum að kjósa. Ég hvet þig nú samt til að kynna þér Baldur Þórhalls-son aðeins betur, og sjá hvort þú verðir ekki jafn viss og ég. Viss um að Baldur sé okkar besti fulltrúi. Ekki bara fyrir Sunnlendinga, heldur fyrir fólkið í landinu.



Matráður óskast

Laugalandsskóli óskar eftir matráð í 100% starfshlutfall. Viðkomandi þyrfti að geta byrjað sem fyrst. Matráður skólans undirbýr og matreiðir máltíðir í leik- og grunnskóla. Hann sér um að útbúinn sé hollur og fjölbreyttur matur fyrir nemendur og starfsfólk. Leitað er að metnaðarfullum, barngóðum og jákvæðum einstaklingi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Útbýr hádegisverð fyrir nemendur og starfsfólk leik og grunnskóla.
- Hefur umsjón með þrifum á matsal og í mótuneyti.
- Sér um innkaup á matvöru, áhöldum og tækjum í mótuneyti.
- Skipuleggur matseðla, allt að mánuð fram í tímann.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélagsins og viðkomandi stéttarfélags. Einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Jónas Bergmann Magnússon skólastjóri í síma 8699010.

Umsóknarfrestur er til og með 07. júní og skal senda umsóknir ásamt starfsferilskrá í tölvupósti á netfang skólastjóra; jonas@laugaland.is



Hlaupaveisla í Hveragerði 7. & 8. júní

Það eru rúmlega tólf hundruð hlauparar skráðir til leiks í Hengill Ultra sem fer fram í Hveragerði 7. og 8. júní en hlaupið hefur verið einn af hápunktum hlaupasumarsins síðustu ár. Allir sterkustu hlauparar landsins spreyta sig á ofur-vegalengdum sem telja 106, 53 og 26 kílómetra en um leið er boðið upp á 10 og 5 kílómetra brautir.

Uppselt er í 26 kílómetra hlaupið og lokað hefur verið í 106 og 53 kílómetra hlaupið en enn þá er hægt að skrá sig í 10 og 5 kílómetra hlaupin. Hengill Ultra er sannkallað hlaupa festival og Hveragerði heimabær mótsins tekur fagnandi á móti keppendum og áhorfendum. Í Hveragerði eru frábærir veitingastaðir og fjöldi gisti-möguleika og fullt um að vera fyrir áhorfendur og fjölskyldur hlaupara á meðan hlaupið fer fram.

Útsölumarkaður í íþróttahúsinu á laugardaginn

Samhliða þessu risavaxna utanvegahlaupi er Hengill Expó allan laugardaginn í íþróttahúsinu í miðbænum. Það verður útsölumarkaður frá Útilíf og Fætur toga og fjölda sérverslana með tilboð og kynningar á vörum. Expóið opnar kl. 07:00 um morguninn og er opið til 16:00. Í íþróttahúsinu eru líka allir brautarfundir og þar er upplýsingamiðstöð hlaupsins.

Doctor Victor og Hr. Hnetusmjör í lokapartýinu

Um kvöldið verður svo Hengils loka partýið í Íþróttahúsinu í Hveragerði. Það verður Doctor Victor og Herra Hnetusmjör halda uppi stemmingunni. Húsið opnar 23:00 en þar fagnar starfsfólk mótsins, sjálfboðaliðar og keppendur.

Umhverfis- og framkvæmdasvið Sveitarfélagsins Ölfuss auglýsir eftir tæknimenntuðum einstaklingi til starfa



ÖLFUS

Um er að ræða starf á tæknisviði sveitarfélagsins í a.m.k. þrjá mánuði. Við leitum að áhugasömum einstaklingi til að sinna ýmsum störfum innan sviðsins, t.d. eftirliti með framkvæmdum, áætlunargerð, úttektum o.fl.

Hæfniskröfur:

- Þekking á starfsemi og stjórnsýslu sveitarfélaga er æskileg
- Menntun á sviði verk, tækni- eða byggingarfræði
- Sjálfstæð vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum

Starfið gæti einnig hentað nema í verk-, tækni- eða byggingarfræði.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til og með 1. júní 2024 og skulu umsóknir ásamt ferilskrá sendar á sigmar@olfus.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigmar B. Árnason, sigmar@olfus.is.



Laus störf í Bláskógaskóla á Laugarvatni skólaárið 2024-2025

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samþættur leik- og grunnskóli ásamt frístundastarfi. Nemendur eru á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk og þar af eru 27 börn í leikskóladeild og 53 í grunnskóladeild. Skólinn er Grænfána skóli og leggur áherslu á teymiskennslu, fjölbreytta kennsluhætti, fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, útikenntu og heilsueflingu. Uppeldisstefna skólans er „Uppeldi til ábyrgðar“ og leikskóladeild vinnur út frá kenningum um „Flæði“.

Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar:

- **Umsjónarkennari, í unglingadeild** tvær stöður, í 100% starf;
- **Kennara í leikskóladeild** í 100% stöðu
- **Kennara í heimilisfræði** í 46% stöðu
- **Kennara í myndmennt** í 46% stöðu
- **Stuðningsfulltrúi** í 75-100% stöðu

Menntunar- og hæfniskröfur:

Kennarar:

- Leyfisbréf til kennslu.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Hæfni til að skipuleggja nám í fjölbreyttum nemendahópi þar sem allir fá að njóta sín á eigin forsendum.
- Góð þekking á kennsluefninu „Lykillinn“
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymiskennslu.
- Áhugi á útinámi og að þróa sig í starfi

Allir:

- Góð íslenskukunnátta.
- Mjög góð færni í samskiptum.
- Jákvæðni og sveigjanleiki.
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymisvinnu.
- Vilji til að gera góðan skóla betri.

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð. Störfin henta einstaklingum óháð kyni. Ráðið er til starfa frá og með 1. ágúst 2024. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn skal fylgja kynningarbréfi, yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf fyrir starfsheitið kennari.

Nánari upplýsingar gefur Íris Anna Steinarrsdóttir skólastjóri í síma 480 3030. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra á netfangið irisanna@blaskogaskoli.is. **Umsóknarfrestur er til 12. júní 2024.**



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Kerhólsskóli

Kerhólsskóli auglýsir eftirtalдар stöður skólaárið 2024-2025

Í skólanum eru rúmlega sjötíu nemendur í frá eins árs og upp í 10. bekk. Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og útinám. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Leitað er eftir sjálfstæðu og drífandi fólki með mikla þekkingu og áhuga á skólastarfi.

Eftirtalдар stöður eru lausar til umsóknar:

Umsjónarkennari á yngstastigi ásamt öðrum verkefnum í teymiskennslu, 100% staða

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu
- Frumkvæði og hæfni til að skipuleggja nám í fjölbreyttum nemendahópi þar sem allir fá að njóta sín á eigin forsendum.
- Mjög góð hæfni í samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki í starfi
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Þekking á Uppeldi til ábyrgðar
- Þekking og reynsla af útinámi
- Góð íslenskukunnátta

Stuðningsfulltrúi í grunnskóladeild Skólaliði í grunnskóladeild

Menntunar og hæfniskröfur:

- Mjög góð hæfni í samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki í starfi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsókn um störf skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Fólki af öllum kynjum er hvatt til að sækja um. Umsækjendur verða að hafa hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til og með 9. júní 2024.

Nánari upplýsingar veita Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri og Sigrún Hreiðarsdóttir deildarstjóri grunnskóladeildar í síma 480 5520, einnig á jonabjorg@kerholsskoli.is og sigrun@kerholsskoli.is.

Umsóknir sendist á netfangið jonabjorg@kerholsskoli.is eða sigrun@kerholsskoli.is.

Auglýsing um kjörfund vegna forsetakosninga 1. júní 2024 í Sveitarfélaginu Árborg



Kjörfundur vegna forsetakosninga í Sveitarfélaginu Árborg verður haldinn laugardaginn 1. júní 2024.

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og honum lýkur kl. 22:00.

Kosið er í sjö kjördeildum í sveitarfélaginu. Skipt er í kjördeildir eftir búsetu kjósenda.

ATH. að breytingar hafa orðið á kjördeildum og inngangi á kjörstað á Selfossi.

1

Kjördeild 1 í Vallaskóla, Sólvöllum 2, Selfossi

Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum **A - Á og V - Þ. Íslendingar búsettir erlendis.**

2

Kjördeild 2 í Vallaskóla, Sólvöllum 2, Selfossi

Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum **B - E, kjósendur við Fossveg, í Háengi og í húsum sem ekki hafa götuheiti á Selfossi.**

3

Kjördeild 3 í Vallaskóla, Sólvöllum 2, Selfossi

Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum **F - J en þó ekki kjósendur við Fossveg og í Háengi.**

4

Kjördeild 4 í Vallaskóla, Sólvöllum 2, Selfossi

Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum **K - R.**

5

Kjördeild 5 í Vallaskóla, Sólvöllum 2, Selfossi

Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum **S - Ú og kjósendur sem eru með ótilgreint lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg.**

6

Kjördeild 6 í grunnskólanum á Stokkseyri, Stjörnusteinum 2

Fyrir kjósendur búsetta á Stokkseyri, í dreifbýli við Stokkseyri og **kjósendur búsetta í póstnúmeri 801 utan Tjarnarbyggðar.**

7

Kjördeild 7 í samkomuhúsinu Stað, Búðarstíg 7, Eyrarbakka

Fyrir kjósendur búsetta á Eyrarbakka, kjósendur í dreifbýli við Eyrarbakka og **kjósendur búsetta í Tjarnarbyggð.**

Kjósendur geta kannað á vefslóðinni www.kosning.is hvort og í hvaða kjördeild þeir eru á kjörskrá í Sveitarfélaginu Árborg.

Sérstök athygli er vakin á því að kjósendum er skylt að gera kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

Aðsetur yfirkjörstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar á kjördegi verður í Vallaskóla, Sólvöllum 2, Selfossi, sími 480 5806.

Selfossi, 22. maí 2024

Yfirkjörstjórn

Sveitarfélagsins Árborgar

Ingimundur Sigurmundsson

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir

Sunna Lind hlaut Morgunblaðsskeifuna

Það er alltaf gaman að fylgjast með fyrrverandi nemendum hestabrautar FSu og sjá að þeir ná árangri í greininni og skila sér áfram og víða í frekara nám. Núna stundar góður hópur eldri nemenda FSu nám við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og er Sunna Lind Sigurjónsdóttir ein af þeim. Hún er útskrifuð með stúdentspróf af hestabraut FSu og stundar nú nám við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Á dögunum hlaut Sunna Morgunblaðsskeifuna sem er veitt af forseta Íslands en einnig hlaut hún Gunnarsbikarann.

Morgunblaðsskeifan var fyrst veitt við skóla-slit Bændaskólans á Hvanneyri árið 1957 og með því vildi Morgunblaðið sem barst í nánast hvert hús landsmanna á þeim árum sýna þessari þessari göfugu og fallegu íþrótt, virðingu sína. Skeifa Morgunblaðsins er veitt þeim nemenda sem hefur náð bestum samantöldum árangri í framtamningarprófi og reiðmennsku III.

Gunnarsbikarinn hefur verið veittur síðan árið 2008 og er gefinn af Bændasamtökunum til minningar um Gunnar Bjarnason fyrrum hrossa-ræktarráðunaut. Gunnar sýndi mikið frumkvæði í starfi sínu sem reiðkennari og var fyrstur til að kenna nemendum sínum að temja hesta til reiðar. Hefur slík kennsla haldist nær óslitin síðan. Gunnarsbikarinn er veittur þeim nemenda sem hlýtur hæstu einkunn í fjörgangi. Þátttökurétt í þeirri keppni hafa allir nemendur reiðmennsku III í búfræði og háskóladeild Lbhí.

Þessi frétt er í grunninn unnin af Johannes Amplatz kennara á hestabraut FSu og myndina tók hann.



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og Sunna Lind Sigurjónsdóttir. Mynd: FSu.



Jamison, Egill, Þröstur, Davíð, Kristófer og Gísli. Ljósmynd: Aðsend.

Frábær árangur á Íslands-meistaramóti NOGI BJJ

Þann 25. maí sl. voru um 220 keppendur sem tóku þátt í fyrsta Íslandsmeistaramóti NOGI BJJ, þar sem ekki er keppt í galla.

Berserkir BJJ fóru heim með 2 Íslandsmeistara, 1 silfur og 2 brons.

Davíð Óskar varð íslands-meistari í fjölmönnum flokki -91 kg. Sigræði fyrstu glímu á kimura lás, og vann svo næstu 2 glímur á stigum og fær ekki skorað stig á sig.

Egill Blöndal vann báðar sínar glímur á köstum, vann þar með á stigum og endaði með gullið í +100kg.

Gísli Þórisson var yfir á

stigum í fyrstu glímunni sinni en tapaði eftir fótólás, vann svo bronsglímuna örugglega í -70kg með uppgjafartaki.

Úrslit:

Davíð Óskar 1. sæti -91kg hvítt belti

Gísli Þórisson 3. sæti -70kg hvítt belti

Þröstur Valsson 3. sæti +100kg hvítt belti


Jamison Johnson 5. sæti -83kg blá og fjólublá belti

Kristófer Ek 2. sæti 75kg+ hvítt belti

Egill Blöndal 1. sæti +100kg blá og fjólublá belti

Berserkir BJJ

Kjörstaðir í Sveitarfélaginu Árborg





FLÓAHREPPUR

Forsetakosningar

Kjölfundur í Flóahreppi

Forsetakosningar fara fram þann 1. júní 2024

Kjörstaður í Flóahreppi vegna forsetakosninga 1. júní 2024 verður í félagsheimilinu Félagslund.

**Kjölfundur hefst kl. 10:00
og lýkur kl. 22:00.**

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki og framvísa þeim ef óskað er.

Kjörskrá liggur frammi á skrifstofu Flóahrepps á opnunartíma skrifstofu fram til kl. 13:00 31. maí 2024.

Yfirkjörstjórn Flóahrepps

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Forsetakosningar

Kjölfundur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Kjölfundur vegna forsetakosninga fer fram laugardaginn 1. júní 2024.

Kosið verður í Stjórnsýsluhúsinu á Borg í fundarsal sveitarstjórnar á 2. hæð.

**Kjölfundur hefst kl. 10:00
og lýkur kl. 18:00.**

Kjósendur eru minntir á að hafa meðferðis persónuskilríki með mynd og framvísa þeim ef óskað er.

Kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps

Hef skrifað mína eigin sjálfsævisögu – fyrir sjálfa mig

segir lestrarhesturinn Hrefna Ósk Erlingsdóttir

Hrefna Ósk Erlingsdóttir Her kennari að mennt og gift Jónasi Þór Sigurbjörnsyni garðyrkjufraðingi. Hún er uppalin í Vestmannaeyjum og eiga þau þrjú uppkomin börn. Eftir rúmlega þrjátíu ára búskap í Eyjum ákváðu þau árið 2020 að flytja og heillaði Selfoss þau bæði. Hrefna er að þjálfari boccia hjá Íþróttafélaginu Suðra og aðstoðar við íslenskukennslu fyrir nýbúa hjá Rauða krossinum.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er að lesa Fáskrúðsfjarðarsögu í nokkrum bindum sem eru þættir úr sögu byggðar Fáskrúðsfjarðar til ársins 2003 eftir Smára Geirsson. Föðurfjölskyldan mín er að austan og Kristbergur Einarsson föðurbróðir minn lánaði mér þessar myndarlegu bækur. Mjög áhuga-verð saga um líf fólks á Austurlandi hér á árum áður og fróðlegt að lesa að Tyrkir hefðu fyrst komið austur áður en þeir fóru til Eyja. Það vissi ég ekki. Sem barn í Vestmannaeyjum sá maður Fiskhellana við Herjólfssdal og vissi að þarna hafi fólk falið sig þegar Tyrkirnir réðust á eyjuna árið 1627, rændu og höfðu á brott með sér hina frægu Tyrkja - Guddu.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Sjálfsævisögur ásamt spennu - og glæpasögum heilla mig mest. Svo eru sudokubækur aldrei langt undan. Bækurnar Barn að eilífu eftir Sigmund Ernir Rúnarsson og Ljós og skuggar eftir Lindu Pétursdóttur eru bækur sem snerta mig mjög. Sigmundur skrifar um mjög veika dóttur sína sem var með sjúkdóm sem lítill þekking var á og við lestur svona bókar hugsar maður eðlilega hvað maður hefur verið heppinn að eiga heilbrigð börn. Það eru ekki allir svo heppnir. Bókin hennar Lindu er um hennar baráttu við þunglyndi og hvernig var að ganga í gegnum

þessa miklu frægð. Það tók verulega á andlegu hliðina að vera alltaf í sviðsljósinu. Átakanleg sögur báðar tvær.

En ertu alin upp við lestur bóka?

Fyrsta minnig mín um bók var um kanínuna Kötú sem átti þrjú kanínubörn og þau fengu rauða hunda eða hlaupbólú. Ég man að mér fannst sagan svo falleg og kanínan svo góð við börnin sín. Ég las töluvert sem barn og unglingur. Bókin um Heiðu sem flutti til afa síns í sveitinni var í miklu uppáhaldi. Seinna las ég hana fyrir börnin mín. Á unglingarárunum tók ég heilu höfundana og las allar bækur sem þeir höfðu gefið út eins og til dæmis Nancy bækurnar. Þegar börnin okkar voru ung var

alltaf lesið fyrir þau á kvöldin fyrir háttinn og ef það voru gestabörn í heim-sókn þá voru þau líka með. Svo vorum við áskrifendur að Disney bókunum og þær lesnar upp til agna. Man þegar ég las

Simba fyrst fyrir eldri son okkar. Ég hafði ekki heyrt þessa sögu áður og gat því ekki undirbúið hann en hann hágrét þegar Mufasa dó í upphafi sögunnar. Saknaði þess seinna að lesa þessar bækur þegar það komu geisladiskar með bókunum sem búið var að lesa á. Börnin þurftu bara að fletta á næstu blaðsíðu þegar ákveðið hljóð kom og skoða myndirnar en þá voru þau orðin frekar stálpuðum.

Segðu aðeins frá lestrarvenjum þínum.

Les yfirleitt meira á veturna en á sumrin. Fátt notalegra á en að sökkva sér ofaní góða bók þegar myrkrið skellur á og veðrið er vont. Þarf ekki að eiga allar bækur sem ég les. Þess vegna hef ég alltaf átt bókasafnskort og nota það mikið.

Áttu þér einhverja uppáhaldshöfunda?

Fyrir mörgum árum var Mary Higgins Clark í miklu uppáhaldi en í dag er enginn einn sem ég



Hrefna Ósk Erlingsdóttir.

held meira upp á en annan. Þegar ég sé auglýsingu um áhuga-verða bók einhversstaðar þá fer ég á bókasafnið og næ mér í hana. Mér finnst Yrsa Sigurðardóttir og Arnaldur Indriðasson mjög góðir höfundar. Maður leggur þær bækur yfirleitt ekki frá sér fyrr en að lestri loknum.

Hefur bók einhvern timann rænt þig svefni?

Ó já sérstaklega þegar krakkarnir voru litlir. Þá gleymdi ég mér oft við lestur langt fram á nótt. Þá var gott að þurfa ekki mikinn svefn. Eftir að börnin fóru að stálpast þá minnkaði þessi næturlestur til muna og ég las frekar á kvöldin en nóttinni.

En að lokum Hrefna, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rit-höfundur?

Ég hef reyndar skrifað mína eigin sjálfsævisögu. En það var gert fyrir mig eina og kannski svolítið til að gera upp það sem gengið hefur á í mínu lífi. Mæli með því að gera þetta ef fólk hefur verið er að ganga í gegnum erfiðleika. Ótrúlega mikill léttir og koma þeirri lýsingu frá sér og maður sér lífið í öðru ljósi. En ef ég væri að skrifa sögu til að gefa út þá myndi ég skrifa ævisögu af einstaklingum sem hafa lifað áhugaverðu lífi eða hressilega glæpasögur.

Tillögur að áhugaverðum Lestrarhestum berist á netfangið jonozur@gmail.com



FLÓAHREPPUR





Fjör í Flóa

31. MAÍ - 1. JÚNÍ

2024

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR

Skannaðu kóðann til að sjá dagskrána!

Nýtt húsnæði fyrir meðferðarheimilið Lækjarbakka

Meðferðarheimili Barna- og fjölskyldustofu, Lækjarbakki á Rangárvöllum, hefur fengið nýtt húsnæði. Heimilinu var lokað í apríl vegna myglu. Það mun hefja starfsemi á nýjum stað í Hamarskoti í Flóahreppi í næsta mánuði.

Heimilið er hið eina sinnar tegundar á landinu. Það býður upp á langtímameðferð fyrir drengi sem lokið hafa meðferð á Stuðlum. Hún er ætluð unglingum, á aldrinum 14 til 18 ára, sem glíma við alvarlegan vanda á borð við vímuefnaneyslu, ofbeldi, afbrot, skóla- og náms-erfiðleika eða sálfélagslegan vanda, þegar önnur úrræði duga ekki til.

Leit að nýju húsnæði hefur verið í forgangi hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu og Barna- og fjölskyldustofu frá því að loka þurfti húsnæðinu á Rangárvöllum, í góðu samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og fleiri aðila. Hamarskot býr yfir heppilegum húsakosti fyrir meðferðarheimili en þar hefur áður verið rekið heimili fyrir börn.

„Þrotlaus vinna hefur farið



í að finna meðferðarheimilinu Lækjarbakka nýjan stað og fagnaðarefni að það hafi tekist. Hver dagur sem líður án viðundandi aðstöðu er einum degi of mikið, fyrir drengina á meðferðarheimilinu og einnig fjölskyldur þeirra. Í Hamarskoti er hægt að hefja starfseminu að nýju sem fyrst og til langs tíma,“ segir Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra.

Barna- og fjölskyldustofa rekur meðferðarheimilið Lækjarbakka. Þar eru allt að sex drengir hverju sinni í um sex

mánuði en tímalengd meðferðar er mismunandi eftir einstaklingum.

Sérstök áhersla er lögð á að virkja drengina í tómstundum, skóla og vinnu með það að augnamiði að hjálpa þeim við að takast á við áskoranir að meðferð lokinni. Við lok meðferðar stendur þeim til boða sex mánaða eftirfylgd.

Hamarskot er í eigu hins opinbera í gegnum Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og er leigt af Barna- og fjölskyldustofu til reksturs meðferðarheimilisins.

Lögfræðiálit um frestun atkvæðagreiðslu vegna mólunarverksmiðju

Nýlega frestaði bæjarstjórn Ölfuss áður auglýstri atkvæðagreiðslu meðal íbúa um skipulagslegar forsendur mólunarverksmiðju í kjölfar erindis frá First Water, þar sem varað var við fyrirætlan um mólunarverksmiðju og höfn í Keflavík. Þessi ákvörðun hefur vakið upp vangaveltur um hvort frestun atkvæðagreiðslunnar sé lagalega heimil, þar sem málið er forðamaust. Í því samhengi hefur Sveitarfélagið Ölfus gert opinbert lögfræðiálit sem var unnið til að undirbúa möguleikann á

frestun atkvæðagreiðslunnar í samræmi við álitid frá First Water.

Lögfræðiálitið var unnið af Guðjóni Bragasoni hjá GB stjórnsýsluráðgjöf slf.

Lokaorð álitsins eru eftirfarandi:

„Sveitarstjórn er sá aðili sem tekur ákvörðun um að boða til atkvæðagreiðslu og því einnig sá aðili sem er til þess bær að endurskoða ákvörðun eða fresta atkvæðagreiðslu um tilgreindan eða eftir atvikum ótilgreindan

tíma. Slík ákvörðun verður einungis tekin á löglega boðuðum sveitarstjórnarfund, sem getur verið aukafundur.“

Álitid í heild sinni er hægt að nálgast hér. <https://www.olfus.is/static/files/Skrar/2024/abendingar-fyrir-sveitarfelagid-olfus-wardandi-atkvaedagreislu-um-skipulagsmal-endanlegt.pdf>

Að lokum skal áréttað að mólunarverksmiðja mun ekki rísa nema að undangenginni atkvæðagreiðslu meðal íbúa.

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.



SENDUM HVERT Á LAND SEM ER



Kjörfundur vegna forsetakosninga 1. júní í Sveitarfélaginu Ölfusi

Kjörfundur vegna forsetakosninga fer fram laugardaginn 1. júní 2024.

Kosið verður í Versölum – Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn.

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00

Vakin er athygli á því að kjósendum er skylt að gera kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkum með mynd

Kjörstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Hvolsvegur og Hlíðarvegur – nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til hluta af Hlíðarvegi, Hvolsvegi og gerir ráð fyrir hringtorgi við gatnamót. Með deiliskipulaginu verður hluti mannvirkja víkjandi en gert er ráð fyrir 8-12 íbúðum á tveimur hæðum með risi. Hámarkshæð verður 7,5 m og heildarbyggingarmagn á svæðinu verður 1728 m². Á þegar byggðum lóðum er gert ráð fyrir byggingarreitum, nýtingarhlutfalli en einnig verður heimilt að byggja bílskúr eða aukahús, allt að 50 m².

Dímonarflöt – nýtt deiliskipulag

Tillagan gerir ráð fyrir frístundalóðum að Dímonarflöt 1-2 og 6-7. Heimilt verður að byggja frístundahús, gróður- og gestahús ásamt geymslu eða skemmu. Hámarksbyggingarmagn verður allt að 300 m². Hámarkshæð og húsgerð eru að öðru leyti frjáls.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 29. maí 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 10. júlí 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt lýsing á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Miðeyjarhólmur – breyting á aðalskipulagi

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 150 ha. landi úr Miðeyjarhólma, L163408, sem er landbúnaðarland (L1 og L2) í skógræktar- og landgræðslusvæði (SL).

Ofangreind lýsing verður kynnt með opnu húsi á skrifstofu Rangárþings eystra að Austurvegi 4, Hvolsvelli, þriðjudaginn 4. júní kl. 8:30 til kl. 10:00.

Hægt er að nálgast skipulagslýsinguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 29. maí 2024 með athugasemdarfrest til og með 19. júní 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Dímonarflöt – breyting á aðalskipulagi

Aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að 51,6 ha. landbúnaðarlandi (L2) verði breytt í frístundarbyggð (F).

Hægt að nálgast skipulagslýsinguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 29. maí 2024 með athugasemdarfrest til og með 19. júní 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Ytra-Seljaland – óveruleg breyting á aðalskipulagi

Um er að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi að Ytra-Seljalandi (F31). Verið er að leiðrétta afmörkun skipulagssvæðisins, gert er ráð fyrir 35 lóðum sem eru 0,5 til 1,0 ha að stærð. Stærð skipulagssvæðisins helst óbreytt.

F.h. Rangárþings eystra,

Þóra Björg Ragnarsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra



Söguleg útskrift í Fjölbrautaskóla Suðurlands

Þó vorveðrið hafi ekki verið upp á marga fiska föstudaginn 24. maí síðastliðinn var sérlega líflegt og hjart yfir útskriftarhátíð FSu og aflinn góður. Brautskráningin var söguleg í fernu tilliti. Aldrei hafa jafnmargir nemendur útskrifast frá skólanum í einu. Dúx Scholae Ólafía Guðrún Friðriksdóttir hlaut hæstu meðaleinkunn í sögu skólans, fyrsta konan var útskrifuð af vélvirkjabraut og skólameistari Olga Lísu Garðarsdóttir hélt sína síðustu útskriftarræðu eftir tólf ára farsæla stjórnun.

Ríflega 170 nemendur voru brautskráðir að þessu sinni af mörgum námsbrautum í bóknaði og verknámi eða samspili þessara tveggja. Í upphafi athafnar flutti kór skólans undir stjórn Stefáns Þorleifssonar innangangslag og nýstúdent Elísabet Björgvinsdóttir tróð upp með flottu lagi um miðbik athafnar.

Aðstoðarskólameistari Sigursveinn Sigurðsson flutti annál annarinnar sem er sú 86. í sögu skólans. Annállinn inniheldur ýmsar tölulegar upplýsingar auk greinargerðar um það sem gert er utan hefðbundins skólastarfs og minnir okkur á að skóli er meira en skólastofa. Hér skal nefna margskonar vettvangsferðir eins og að ganga á Eyjafjallajökul, skóla og fyrirtækjaheimsóknir, erlendar gestakomur og ferðalög, myndlistasýningar, nýjungar í námsframboði skólans, Kátir dagar og Flóafár, fjölbreytileg námskeið og þátttaka í Gettu betur.

Í ræðu sinni lagði skólameistari Olga Lísu Garðarsdóttir út af þeim tímamótum sem nýútskrifaðir nemendur standa á og felast í því að þegar einum áfanga í lífinu er lokið þá hefst nýr áfangi með nýjum áskorunum. Hún fjallaði meðal annars um vinnuálag nemenda og mikilvægi vinskapar á þessum mótunarárum auk þess sem hún lagði áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem draga saman allt það sem menntaðir einstaklingar og samfélög þurfa að stefna að. Að endingu kvaddi hún með

þeim orðum að FSu væri lykilstofnun í sunnlensku samfélagi og að þar starfaði einvala og samhent lið. „Ég hef notið alls þess sem sunnlenskt samfélag hefur gefið mér, hér er mikil og góð samstaða og skólinn skipar mikilvægan sess í samfélaginu. Fyrir það þakka ég.”

Ræða brottfarenda var í höndum Elínar Þórdísar Pálsdóttur formanns nemendafélags FSu og först henni það sérlega vel úr hendi þar sem hún lagði meðal annars áherslu á hversu fjölbreyttur og litríkur skóli FSu væri og þjónaði ólíkum þörfum og getu nemenda sinna.

Auk viðurkenninga fyrir góðan námsárangur einstakra greina sem Sigursveinn Sigurðsson afhenti kom það að lokum í hlut Jóhönnu Ýrar Jóhannsdóttur formanns skólanefndar að útnefna Dúx Scholae. Að þessu sinni varð hlutskörpust Ólafía Guðrún Friðriksdóttir og hlýtur hún námsstyrk frá Hollvörðum skólans ásamt Silvíu Rós Valdimarsdóttur Nokkala og Vigdísu Jónu Árnadóttur sem brýtur blað því hún er fyrsta konan sem lýkur vélvirkjanámi frá FSu. Í námsárangri talið má fullyrða að Ólafía hafi náð lengst að þessu sinni því auk þess að fá Hollvarðastyrk með Vigdísu bar hún af sviði fangið fullt af verðlaunabókum.

Á útskriftardegi fléttast saman menntun og menning, tilhlökkun og tregi, stolt yfir stöðnum einingum og árangri í námi, hugleiðing um horfin veg og hvað sé handan hæðarinnar en umfram allt ósk okkar allra um hjarta framtíð. Hefð er fyrir því að vitna til hins nafnlausu skólaskálds á útskriftardegi og að þessu sinni lagði það út af Klárunum (sem eru að klára sitt nám) og síðusta skóladegi þeirra sem kallaður er dimmisjón en þá klæðast nemendur búningum:

Kærleiksbirnir komu í hús
kátir leystu slungna þraut.
Eftir skraf og kveðjunnús
keikir feta nýja braut.

FSu/JÖZ



Útskriftarhópur 2024.

Brautskráning frá Menntaskólanum að Laugarvatni 2024

Þann 25. maí brauðskráðust 43 nemendur frá Menntaskólanum að Laugarvatni, 24 af Félags- og hugvísindabraut og 19 af Náttúruvísindabraut. Útskriftin var haldin í Íþróttahúsinu á Laugarvatni og var mikill hátíðarbragur á samkomunni og útskriftardagurinn bjartur og fagur. Allflestir nýstúdentarnir höfðu tekið þátt í kórstarfi í ML og sungu þau tvö lög við athöfnina undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur.

Dux nýstúdenta var Sara Rosida Guðmundsdóttir frá Leyni 1 í Biskupstungum með einkunnina 8,99. Sara hlaut viðurkenningar fyrir lokaverkefni sitt meðal annars en einnig hlaut hún Menntaverðlaun Háskóla Íslands fyrir góðan árangur á stúdentsprófi. Semi dux nýstúdenta var Rannveig Arna Sigurjónsdóttir frá Hveragerði með einkunnina 8,85 og hlaut hún einnig ýmsar viðurkenningar fyrir góðan árangur á stúdentsprófi og má þar nefna lokaverkefni hennar og

raunvísindaverðlaun Háskólans í Reykjavík. Dux scholae voru jafnar þær Sara Rosida Guðmundsdóttir og Ástrós Eva Aðalbjörnsdóttir frá Selfossi, báðar úr hópi nýstúdenta. Semi dux scholae voru einnig tveir, þau Eva María Sveinsdóttir nýstúdent frá Laugarvatni og Emil Rafn Kristófersson frá Flúðum.

Við hverja útskrift veitir Styrktarsjóður Kristins Kristmundssonar og Rannveigar Pálsdóttur viðurkenningu fyrir góðan árangur á stúdentsprófi í formi fjárstyrks. Þetta árið fengu viðurkenningu þær Sara Rosida Guðmundsdóttir, Rannveig Arna Sigurjónsdóttir, Ástrós Eva Aðalbjörnsdóttir og Svava Þorsteinsdóttir frá Hellu. Rannveig Pálsdóttir, önnur stofnenda styrktarsjóðsins, var viðstödd útskriftina og voru styrkþegar myndaðir með Rannveigu og Jónu Katrínu skólameistara ML.

Fyrir hönd nýstúdenta mælti Agnes Friða Þórðardóttir en fyrir

hönd 20 ára júbílanta steig Páll Vilhjálmsson á stökk. Báðum ræðumönnum tókst afar vel til og var samdóma álit gesta að ræðurnar hefðu báðar verið skemmtilegar og hnyttnar. Ræða Agnesar Friðu er birt á heimasíðu Menntaskólans að Laugarvatni en þar fer hún á ljúfan hátt orðum um hvaða tilfinningar bærast í brjósti þeirra sem kveðja skólann sinn að þriggja ára dvöl lokinni.

Að athöfn lokinni bauð Menntaskólinn gestum sínum í kaffisamsæti í húsakynnum skólans. Þegar liða tók á daginn hófust endurfundir júbílanta en NEMEL, nemendasamband útskrifaðra nemenda frá Menntaskólanum að Laugarvatni, fær leyfi skólameistara til að hittast að brautskráningu lokinni í húsakynnum skólans. Eru þetta vanalega miklir gleðifundir og endurnærandi fyrir gamla skólafélaga að hittast á ný í skólanum sínum. Sérstakar þakkir sendir skólinn afmælisárgöngum fyrir veglegar gjafir sem þeir færðu skólanum sínum sem voru fjárstyrkir til tækjakaupa í verkgreinastofu, gjafir til styrktarsjóðs Kristins og Rannveigar og til kaupa á garðbökkjum ætluðum til útiveru nemenda.

Útskriftarárgangur 2019 fékk með leyfi skólans að koma fyrir stuðlabergssteini á lóð skólans sem minnisvarða um bekkjarfélagið, Kristinn Þór Styrmissen sem lést árið 2022 og er mikil þýði af þeim fallega steini.

Sérstaka ánægju vakti að 70 ára júbílant, Óskar H. Ólafsson, gat verið viðstaddur útskriftarathöfnina og þáði kaffi á eftir. Óskar tilheyrði fyrsta útskriftarhópnum sem útskrifaðist frá ML árið 1954 og átti svo langan og afar farsælan feril sem kennari og aðstoðarskólameistari við skólann.

Að lokum vill Menntaskólinn að Laugarvatni og allt hans starfsfólk óska nýstúdentum 2024 innilega til hamingju með góðan árangur og gæfu í öllum því sem framtíðin býður þeim.

Menntaskólinn að Laugarvatni



Sara Rosida Guðmundsdóttir, dux nýstúdenta.



Rannveig Arna Sigurjónsdóttir, semi dux nýstúdenta.

TIL LEIGU

Til leigu rými í kjallara að Austurvegi 6. Stærð 26 fm. Skiptist í 2 herbergi og gang. Hægt að stækka minna herbergið þannig að bæði herbergin verði rúmlega 10 m². Sér inngangur. Aðgangur að salerni. Hentar vel t.d. fyrir nuddara.

Til leigu lagerhúsnæði í kjallara Bellahotel, Austurvegi 33-35. Brúttóstærð 400 fm. Innkeyrsla frá Hörðu-völlum. Lofthæð 2,42 m. Innkeyrsluhurð 2,34 m. Möguleiki á að stúka upp í minni geymslur. Laust fljótlega.

Upplýsingar veita:
Snorri Sigurðarson,
snorri@akurholar.is, s. 897 7027.
Brynja Hjálmtýsdóttir,
brynja@akurholar.is, s. 858 6509.

ÞORLÁKS- OG HJALLASÓKN

Frá kirkjugörðunum í Þorlákshöfn og á Hjalla í Ölfusi

Stjórn kirkjugarðanna býður aðstandendum og forráðamönnum sem eiga leiði í kirkjugörðunum aðstoð, sér að kosnaðarlausu, ef þeir telja þörf á lagfæringum á leiðum. Efnir, t.d. þökur, verður til staðar svo og nauðsynleg verkfæri. Starfsmenn verða til aðstoðar.

Þeir sem ekki hafa tök á að nýta þetta boð er bent á að hægt er að koma óskum um lagfæringar á netfangið groa@portland.is. Æskilegt er að fá sent á sama tölvupóstfang fyrirspurnir og lýsingu á því hvað þurfi að lagfæra til að tryggt sé að nauðsynlegt efni og áhöld séu til staðar. Einnig er hægt að hafa samband í síma 893 2017 (Hjörleifur) milli 16:00 til 18:00 á daginn.

Kirkjugarðurinn í Þorlákshöfn, laugardagurinn 1. júní frá kl. 10:00 til kl. 13:00.

Kirkjugarðurinn á Hjalla, laugardagurinn 8. júní frá kl. 10:00 til kl. 13:00.

Stjórn Þorlaks- og Hjallakirkjugarðs

Frá Selalæk í Litlu Hryllingsbúðina

Leiklistarneminn Birta Sólveig Söring Þórisdóttir var valin í hlutverk Auðar í söngleiknum Litlu Hryllingsbúðinni sem Leikfélag Akureyrar setur upp í haust. Um 60 frábærar leikkonur mættu í áheyrnarprufur, sem fram fóru bæði á Akureyri og í Reykjavík, samkvæmt frétt frá Menningarfélagi Akureyrar en Birta, sem hefur augljóslega náð að heilla Akureyringana upp úr skónum, kemur til með að útskrifast úr leikaranámi Listaháskóla Íslands í vor.

„Litlar áhyggjur af því hvað öðrum fannst um mig“

Birta ólst upp á sveitabænum Selalæk í Rangárþingi ytra, í nágrenni við Hellu, ásamt systkinum sínum Sesseliu og Þránni. Foreldrar þeirra eru Þórir Jónsson og Guðný Söring Sigurðardóttir. „Sem barn var ég stuðbolti og hafði litlar áhyggjur af því hvað öðrum fannst um mig, fann mikið frelsi fyrir því að geta verið ég sjálf heima. Við fjölskyldan fórum árlega í Reykjavíkurfærð sem innihélt yfirleitt

tannlæknaskoðun og leikhússýningar, en þar eru Ávaxtakarfan og Lína Langsokkur mér afar hugleiknar. Ég var með stjórnur í augunum þegar ég fékk að fara í leikhús. Þetta var eins og töfraheimur fyrir mér. Þegar heim var komið upplifði ég mig sem persónu úr leikritunum í þónokkra daga. Systkinin mín höfðu ekki alltaf mikla þolinmæði fyrir því, en mér fannst bara eitthvað svo geggjað við að vera manneskjan sem ég sá á sviðinu eða í sjónvarpinu, ég get ekki útskýrt það betur en það. Fyrsta hlutverkið sem ég lék var bangsastrákurinn í Dýrunum í Hálsaskógi sem var sýnt í Njálsbúð árið 2010. Þá var ekki aftur snúið. Ég elskaði þetta!“ Segir Birta í samtali við Dagskrána.

Birta hefur meðal annars tekið þátt í tveimur uppsetningum hjá Leikfélagi Selfoss, Á vit ævintýranna og Djöflaeyjunni og segist þykja ómetanlegt hve metnaðurinn hjá leikfélaginu sé mikill og tekur fram að hún sé gífurlega þakklát fyrir þeirra góðu störf og bætir við að auk

sviðslistanna, sem eigi hug hennar flesta daga, séu þrjónarnir og heklunálarnar sjaldan langt undan og að hún sæki sér gjarnan næringu úr útivist, þá helst göngu- og gönguskíðafærðum.

Fritt inn á útskriftarsýninguna

„Nú er ég að útskrifast úr draumanáminu mínu í vor. Ég fékk þau forréttindi að komast inn í bekk með kærastanum mínum, Nikulási Hansen Daðasyni frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi, og erum við að fara að frumsýna Kirsuberjagarðinn eftir Anton Chekov sem útskriftasýninguna okkar með leikarabekknunum í Listaháskóla Íslands. Edda Björg Eyjólfssdóttir leikstýrir verkinu sem verður sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu og munum við sýna verkið 10 sinnum frá 23. maí-1. júní. Öllum er velkomið að mæta, það er hægt að fá aðgöngumiða á Tix.is og það besta er að það er fritt inn,“ segir Birta.

Aðspurð um hvernig tilfinning það er að fá svona stórt hlutverk í beinu framhaldi af útskrift segir Birta að tilhugsunin um að fá að vinna í leikhúsinu á Akureyri sé stórkostleg, og brosir út að eyrum. „Allt fólkið í kringum þetta verkefni eru svo miklar fyrirmyndir fyrir mér og ég hef alltaf dást að Akureyri og leikfélaginu. Það hefur verið á „bucket“ listanum mínum að prófa að búa fyrir norðan þannig fyrir mér er ég að slá tvær flugur í einu höggi. Svo ofan á allt fæ ég að vinna á móti vini mínum Kristni Óla sem leikur Baldur. Hann er svo mikill snillingur.“

Forréttindi að fá að vera málþípa Auðar

„Auður er ástfangin af Baldri. Hana dreymir um einfalt líf með honum en finnst hún ekki eiga það skilið. Baldri liður eins. Vegna þess er hún með tannlækninum, sem kemur ekki svo vel fram við hana, þangað



Birta Sólveig Söring Þórisdóttir.

til plantan (Auður II) kemur til sögunnar. Nokkrir hafa sagt mér að Litla Hryllingsbúðin sé þeirra uppáhalds söngleikur og þykir mér algjör forréttindi að fá að vera málþípa hennar í þetta sinn. Ég held að mesta sóknarfærið mitt við hlutverk Auðar verði háu hælarnir. Hún er svo mikil skvísa,“ bætir Birta við.

Birta segir leikarabrautina í Listaháskólanum hafa gefið henni mörg mismunandi verkefni frá nokkrum mismunandi leiktæknum sem hún geti alltaf gripið í þegar hún verður órugg með leiktúlkunina sína. „T. d. Að persónan þín hafi alltaf erindi á sviðinu, að allt gerist út frá sannleika og leikgleði. Ég held það gæti komið mér til góðs fyrir þessa leiksýningu.“

„Ég lít mjög upp til kennara minna í Listaháskólanum,

t. d. Halldóru Geirharðsdóttur, Hannesar Óla Ágústssonar og Hilmis Jenssonar og svo mætti lengi telja. En þau tóku á móti manni opnum örmum þegar maður komst inn í námið.“

Aðspurð um ráð fyrir þau sem hafa áhuga á leiklistarnámi segir Birta að maður tapi engu á að prófa. „Það er gott að líta á inntökupróf í leiklistarskólum sem námskeið og stað fyrir þig til að athuga hvort þú sjálf/ur/t viljir vera í þessu námi. Ef þú færð neitun þá er hentugt að sækja um námskeið hérlandis eða erlendis, t. d. spananám-skeið Improv Ísland, söngnám-skeið eða fara í lýðháskóla. Það er allavega það sem ég gerði eftir að hafa fengið neitun í fyrsta skiptið sem ég sótti um í draumanámið,“ segir Birta að lokum.

HGL



Leikarabekkurinn.



Dýrin í Hálsaskógi í Njálsbúð. Birta bangsi litli ásamt pabba sínum, Þóri Jónsyni.



Fjölskyldan á góðri stund. Guðný, Þránn, Þórir, Sesselia og Birta.



Uppsetning af verkinu Oedipus í Listaháskólanum.



Önnur mynd af uppsetningu af verkinu Oedipus í Listaháskólanum.



Deildarstjóri óskast

Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir metnaðarfullum deildarstjóra til starfa í 100% stöðu frá og með ágúst 2024. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags leikskólakennara.

Deildarstjóri er faglegur leiðtogi og situr í stjórnendateymi leikskólans. Hann starfar samkvæmt stefnumörkun leikskólans sem tekur meðal annars mið af skólastefnu Bláskógabyggðar, aðalnámskrá leikskóla, lögum og reglugerðum um leikskóla og öðrum lögum er við eiga.

Leikskólinn Álfaborg er þriggja deilda leikskóli sem starfar í anda Reggio Emilia og er staðsettur í Reykholti, Biskupstungum.



Helstu verkefni:

- Annast daglega verkstjórn á deildinni og ber ábyrgð á að miðla upplýsingum innan deildarinnar, milli deilda leikskólans og milli leikskólastjóra og deildarinnar.
- Tryggir að sérhvert leikskólabarn á deildinni fái kennslu, leiðsögn, umönnun og/eða sérkennslu eftir þörfum.
- Fylgist með að deildin sé búin nauðsynlegum uppeldis- og kennslugögnum í samvinnu við leikskólastjóra.
- Sinnir þeim verkefnum er varðar uppeldi og menntun leikskólabarna og stjórnun sem yfirmaður felur honum.

Önnur verkefni:

- Tekur þátt í gerð skólanámskrár, starfsáætlunar, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum undir stjórn leikskólastjóra.
- Hefur umsjón með móttöku, þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna.
- Skipuleggur samvinnu við foreldra/forráðamenn barnanna á deildinni s.s. aðlögun, dagleg samskipti og foreldraviðtöl.
- Stýrir deildarfundum og skipuleggur undirbúningstíma starfsfólks deildarinnar.
- Situr foreldrafundi, starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varðar starfsemi leikskólans.
- Að efla og viðhalda fagþekkingu sinni með reglubundinni endur- og símenntun.

Nánari upplýsingar veitir



Lieselot Simoen leikskólastjóri

í síma 480-3051

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf kennara, sbr. lög nr. 95/2019, III kafla 9. grein og IV kafla 20. grein.
- Menntun og/eða reynsla í stjórnun æskileg.
- Reynsla í leikskólastarfi æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni og áhugi í starfi með börnum.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
- Færni í ræðu og riti.
- Góð íslenskukunnátta æskileg

FRÍÐINDI Í STARFI:

- Fatastyrkur
- Stytting vinnuvikunar
- Skapandi starfsumhverfi
- Yfirvinnugreiðslur (6 klst.)
- Sund/líkamsræktarkort Bláskógabyggðar

Reykholt, 806 Bláskógabyggð

alfaborg.leikskolinn.is

Umsóknir sendist á netfangið:
alfaborg@alfaborgleikskoli.is

Umsóknarfrestur er til 16. júní 2024



1. flokkur Íslandsmeistarar. Mynd: UMFS.



Selfoss mix Íslandsmeistarar. Mynd: UMFS.

Uppskáru vel eftir góðan vetur

Helgina 24. - 26. maí fór fram Íslandsmót í hópfinleikum og jafnframt síðasta mót vetrarins.

Liðin frá fimleikadeild Selfoss áttu frábæra helgi og uppskáru vel eftir góðan vetur.

Á föstudaginn keppti meistaraflakkur en það var virkilega gaman að sjá liðið en þær hafa ekki keppt síðan síðastlið haust. Liðið var mjög sterkt, keyrðu mikinn erfiðleika og gerðu hreinar æfingar.

Þær uppskáru 3. sætið á gólfi og trampólíni og voru jafnar Gerplu í 2. sæti á dýnu eftir frábærar æfingar þar sem öll stökk voru lent. Samanlagt voru þær í 3. sæti, 0,55 stigum frá 2. sætinu. Þær blönduðu sér vel í baráttuna og verður gaman að sjá liðið koma sterkt inn á næsta tímabil.

Á laugardeginum keppti 3. flokkur í tveimur liðum í sitt-hvorri deildinni, A og B deild. Liðið sem keppti í B-deild hafa

verið í miklum framförum í vetur en einhverjir hnökrar voru á æfingunum í keppni og þær náðu ekki alveg að skila öllu sínu. Þær lentu í 5. sæti í deildinni og geta vel við unað.

Liðið sem keppti í A-deild, átti gott mót heilt yfir og skiluðu sínum æfingum vel. Þær voru í 2. sæti á dýnu, 3. sæti á gólfi og í 3. sæti samanlagt og var gaman að sjá þær uppskera eftir mikla vinnu í vetur.

Laugardeginum var síðan

lokað með frábærri frammi-stöðu 1. flokks þar sem þær sýndu framúrskarandi æfingar, lentu öll sín 36 stökk og sýndu stórglæsilegar gólfæfingar. Niðurstaðan var Íslandsmeistaratitill á öllum áhöldum og í samantöldum árangri - svo sannarlega verðskuldaður árangur hjá liði sem hefur lagt mikið á sig í æfingum í vetur.

2. flokkur mix lokaði síðan helginni á sunnudeginum. Enn er liðið ekki að keppa við nein

önnur lið en á mótinu sáust miklar framfarir sem liðið hefur náð í vetur og gaman að sjá hvað liðið leggur mikið á sig þrátt fyrir enga samkeppni. Liðið stóð uppi sem Íslandsmeistarar í 2. flokki blandaðra liða.

Hjartanlega til hamingju með frábæran árangur helgarinnar, uppbyggingin er svo sannarlega að skila sér og framtíðin er björt - Áfram Selfoss!

UMFS

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi auk tillögu aðalskipulagsbreytingar:

1. Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps; Minni-Ólafsvellir og Vesturkot; Aðalskipulagsbreyting - 2310031

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 22. maí 2024 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Aðalskipulagsbreytingin nær yfir hluta Minni-Ólafsvalla L166482 og hluta Vesturkots L166500. Gert er ráð fyrir að hluta landbúnaðarsvæðis verði breytt í íbúðarbyggð (um 0,4 ha) og verslunar- og þjónustusvæði (5 ha). Heimilt verður að vera með 2 ný íbúðarhús og 3 íbúðir og gistingu í allt að 10 gestahúsum. Hvert hús getur verið allt að 60 m² að stærð og heildarfjöldi gesta allt að 70. Einnig er stefnt að því að vera með ýmiss konar afþreyingu, einkum tengda hestum. Fyrir er á Minni-Ólafsvöllum íbúðarhús, skemma og geymsluhúsnæði og verður áfram heimiluð föst búseta. Samhliða breytingu aðalskipulags verður lagt fram deiliskipulag fyrir svæðið.

2. Sandártunga; Skilgreining efnistökusvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2401008

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 22. maí 2024 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á nýju efnistökusvæði í Sandártungu í Þjórsárdal. Efni úr námunni verður einkum nýtt í fyrirhugaða færslu á hluta Þjórsárdalsveggar. Bæði er þörf á efni í veginn og einnig grjótt í grjótvörn utan á hann. Hluti efnis verður nýttur í nýjan Búðaveg og eftir atvikum í aðrar framkvæmdir í sveitarfélaginu. Heimilað verður að taka allt að 200.000 m³ af efni á u.þ.b. 4 ha svæði.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

3. Flóahreppur og Árborg; Selfosslína 1; Breytt lega loftlínu SE1; Aðalskipulagsbreyting - 2311074

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. maí 2024 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar er varðar breytta legu raflínu innan aðalskipulags Flóahrepps og Árborgar. Landsnet ráðgerir að Selfosslína 1 (66 kV) verði tekin niður á kaflanum frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 sem er norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár. Í staðinn verði lagður 132 kV jarðstrengur. Nýr jarðstrengur mun í meginráttum fylgja nýrri legu Suðurlandsveggar norðaustan við Selfoss og fara um nýja brú yfir Ölfusá, fylgir þaðan Ölfusá til norðurs. Áætluð lengd jarðstrengs frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 er um 3,1 km. Núverandi háspennulína og fyrirhugaður jarðstrengur liggja um sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp. Breytingin nær til þéttbýlis á Selfossi og dreifbýlis beggja vegna Ölfusár, norðan og austan við Selfoss. Breytingin nær einnig

til dreifbýlis í Flóahreppi. Samhliða eru sveitarfélagsmörk innan aðalskipulags Flóahrepps leiðrétt í takt við skilgreind mörk sveitarfélaganna innan aðalskipulags Árborgar. Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar gildandi aðalskipulags.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

4. Háifoss og Granni; Áningarstaður ferðamanna; Deiliskipulag - 2403048

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 22. maí 2024 að auglýsa tillögu sem tekur til áningarstaðar við Háafoss, innst í Þjórsárdal, á Gnúpverjafrétti. Háifoss og Granni eru á náttúrumínjaskrá sem friðlýst náttúruvætti. Stærð skipulagssvæðisins er um 23,5 hektarar. Markmið með gerð deiliskipulags er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu á innviðum s.s. bílastæða, göngustíga, útsýnissvæða og byggingarreits fyrir þjónustuhús.

5. Giljabakki (Minni-Bær land) L169227; Skilgreining landsspildu; Íbúðarhús, hesthús og skemma/skýli; Deiliskipulag - 2405018

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 22. maí 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til landsspildunnar Minni-Bæjar L169227, sem verður Giljabakki, í samræmi við stefnumörkun skipulagsins. Í skipulaginu eru skilgreindar heimildir sem taka til uppbyggingar íbúðarhúsa, hesthúss og skemmu/skýlis.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna <https://www.flohreppur.is/>, www.gogg.is, www.skeidgnup.is.

Mál 1 - 2 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 30. maí 2024 með athugasemdafresti til og með 20. júní 2024.

Mál 3 - 5 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 30. maí 2024 með athugasemdafrest til og með 12. júlí 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Vígús Þór Hróbjartsson,
skipulagsfulltrúi UTU

Gefandi samstarf

Það er hefð á Byggðasafni Árnesinga fyrir heimsóknum frá trésmíðanemum Fjölbrautaskóla Suðurlands en það var í tíð Árna Erlingssonar kennara, sem hafði bæði mikla sérþekkingu á þessu sviði og áhuga á byggingarsögu og varðveislu gamalla húsa, að nemendur hófu að koma reglulega á Eyrarbakka í sögugöngu og skoðuðu Húsið. Eftir hans dag í kennslu urðu þessar heimsóknir óreglulegri og um tíma dattu þær alveg út. Fyrir nokkru voru þessar heimsóknir endurvaktar og má segja að þær hafi borið nokkuð skemmtilegan og gagnlegan ávöxt.

Vorið 2021 var lagður grunnur að fræðsluverkefni sem kennarar og fagstjóri trédeildar í FSu þróðu í samvinnu við safnkennara á Byggðasafni Árnesinga. Kennslubók hefur litið dagsins ljós á rafrænu formi þar sem m.a. er fjallað um lög og reglugerðir um húsafriðun og breytingar á húsum, byggingarsögu tré- og steinhúsa á Íslandi og byggingarsögulegt gildi húsa og mannvirkja. Eldra kennsluhefti frá tíð Árna Erlingssonar trésmíðakennara rennur inn í námsefnið og er

stórmerkileg heimild unnin af Árna sérstaklega fyrir trésmíðanemendur Fjölbrautaskóla Suðurlands. Árni Erlingsson kenndi við Fjölbrautaskóla Suðurlands um áratuga skeið og lagði traustan grunn ásamt öðrum að því glæsilega verknámi sem nú er í boði við skólann. Má segja að kennslukver Árna hafi verið kveikjan og grunnurinn að því sem nú er orðið að kennslubók fyrir trésmíðanemana.

Byggðasafn Árnesinga er staðsett á Eyrarbakka þar sem má finna vel varðveittan

hluti þorpsins, sem upplagt er að nemendur í áfanganum Húsa- viðgerðir og breytingar kynnist og fái aðgang að í gegnum námsefni og heimsóknir á safnið. Í Fjölbrautaskóla Suðurlands er öflug húsa- smíðabraut sem á rætur að rekja til miðrar 20. aldar og þaðan hafa fjölmargir smiðir útskrifast. Námsefnið er samið með þennan nemendahóp í huga og hluti af nálguninni er heimsókn nemendahópsins á safnið, bæði við upphaf annar og nálægt annarlökum. Í seinni heimsókninni fara nemendur í göngu um þorpið og kynnst af eigin raun þeim byggingararfi sem finna má á Eyrarbakka. Bygginga- og mannvirkjagreinar eiga rætur sínar í fornum handverkshefðum en miklar og örar breytingar hafa orðið á störfum smíða samhlíða breyttum lífnaðarháttum. Samstarf kennara í FSu og á safninu er öflug leið til að dýpka og útvíkka umfjöllunarefni áfangans og samhljómur er á milli námsefnis smíðanemanna og þess sem finna má í fortíðinni á Eyrarbakka.

Byggðasafn Árnesinga/RES



Magnús Karel Hannesson leiðir nemendur í sögugöngu um þorpið þar sem sérstök áhersla er á húsa sögu Eyrarbakka



Gísli Kristjánsson smiður segir frá og sýnir þó nokkur dæmi um verklag og frágang sem tilheyra vinnulagi handverks



FRÆ TIL
FRAMTÍÐAR

Komdu í Garðyrkjuskólann
þar sem við getum ræktað
fram tíðina saman!

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is


Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

SUMARBÚÐIR

Sumar-
búðirnar
ASTJÖRNSumarbúðir fyrir 6-12 og
13-15 ára í náttúruferlu
á Norð-Austurlandi!Verð um 10 þús. kr. á
sólarhring. Systkinaafsláttur
astjorn.is - 4623980
facebook.com/astjorn
instagram - youtube

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholti 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

KIRKJA

Selfosskirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 2. júní
kl. 20:00. Kirkjukórinn syngur
og hitar upp fyrir kórferðalag
sem er framundan, fallegur kór-
söngur undir yfirskriftinni
„Söngur fyrir Króatiu“. Organisti
Edit A. Molnár, prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Eyrarbakakirkja

Guðsþjónusta í Eyrarbakakirkju
á sjömannadag 2. júní kl. 14:00,
blómsveigur lagður við minnis-
varða eftir guðsþjónustuna.
Kammerkór Eyrarbakakirkju
syngur, organisti Pétur Núi Stef-
ánsson, prestur Guðbjörg Arnar-
dóttir.

Stokkseyrarkirkja

Guðsþjónusta í Stokkseyrarkirkju
á sjömannadag 2. júní kl. 11:00,
blómsveigur lagður við minnis-
varða eftir guðsþjónustuna.
Kirkjukórinn syngur, organisti
Haukur Arnarr Gíslason, prestur
Guðbjörg Arnardóttir.

Þorláksskirkja

Guðsþjónusta kl. 11:00. Kór
Þorlaks- og Hjallakirkju syngur
undir stjórn Esterar Ólafsdóttur,
organista. Blómsveigur verður
lagður að minnisvarðanum um
druknaða sjómenn. Verum öll
velkomin til kirkju. Sóknarnefnd
og sóknarprestur

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11. Prestsþjónusta sr.
Axl Á Njaróvík. Organisti Jón
Bjarnason. Verið hjartanlega vel-
komin.

Ólafsvallakirkja

Kvöldguðsþjónusta úti í kirkju-
garði kl. 20. Ljúfir sálmar, ritn-
ingarorð, hugvekja og bæn.
Verið öll velkomin! Sóknarprestur.Soffía Sveinsdóttir skipuð skóla-
meistari Fjölbrautaskóla Suðurlands

Á smundur Einar Daðason, mennta- og barnamála-
ráðherra, hefur skipað Soffíu
Sveinsdóttur í embætti skóla-
meistara Fjölbrautaskóla Suður-
lands til fimm ára frá 1. ágúst
næstkomandi.

Soffía starfaði um árabíl sem
efnafræðikennari við Mennta-
skólann við Hamrahlíð og sem
IB stallari við sama skóla á ár-
unum 2008–2022. Hún hefur
starfað sem sviðsstjóri vett-

vangseftirlits hjá Matvælastofn-
un frá árinu 2022.

Soffía er með grunn- og
framhaldsmenntun í efnafræði
og diplómu í kennslufræðum frá
Háskóla Íslands. Auk þess hefur
hún lokið meistaranámi í mann-
auðsstjórnun og diplómanámi
í opinberri stjórnsýslu frá Há-
skóla Íslands.

Alls sóttu fjórir um um emb-
ættið.

Nám í pípulögnum á haustönn
2024 í Fjölbrautaskóla Suðurlands

ÍFSu er námsframboð fjöl-
breytt enda upptökusvæði
skólans stórt og víðfemt. Í lög-
um um framhaldsskóla segir að
skólum beri að mæta hverjum
nemanda og bjóða fjölbreytt
nám.

Nemendum skólans hefur
fjölgað með árunum
og er það ekki síst að
þakka miklum áhuga
á verk- og starfs-
námi. Við heyrum
árlega að ekki hafi
tekist að veita öllum
nemendum skólavist í
það nám sem bæði nem-
endur úr grunnskólum og eldri
nemendur sækja um í. Það ræðst
ekki bara af því að nemendur
uppfylli ekki skilyrði námsins
heldur er oft ekki pláss í náminu
vegna aðstöðuleysis, vöntunar
á kennurum eða mikillar að-
sóknar. Það skal tekið fram að
nemandi undir 18 ára aldri nýtur
fræðsluskýldu sem hefur í för
með sér að uppfylli hann inn-
tökuskilyrði gengur hann fyrir
nemanda sem er eldri en 18 ára
um pláss í námi.

Svar okkar við þessari stöðu

gagnvart eldri nemendum var
að stofna síðdegisnám í húsa-
smíði og rafvirkjun á vorönn
2021. Það gafst vel og tókst að
fylla báða hóp. Nemendurnir í
húsasmíði og rafvirkjun hafa nú
lokið námi. Kennslan sneri ein-
göngu að fagbóklegu og verk-
legu námi í iðngreininni.

Það þarf seiglu og
úthald til að vera í
námi með vinnu og
hafa nemendur okk-
ar synt að sé áhugi
nægur gengur það.

Lítið sem ekkert brott-
fall hefur verið í kvöld-
skólanum.

Einstaklingur sem unnið hef-
ur í ákveðinni iðngrein í a.m.k.
3 ár og er orðinn 23ja ára á rétt
á að fara í raunfærnimat í grein
sinni. Það gengur út á að meta
reynslu og færni viðkomandi til
eininga sem nýtist beint í það
nám sem við á. Íðan fræðslu-
setur annast skipulag slíks mats
og auglýsir í gegnum fagfélög
iðngreina. Hægt er að lesa meira
um raunfærnimat á vef Íðunnar.

Að undanfögnu höfum við
stjórnendur FSu átt gott samtal

við fagaðila í pípulögnum og
afrakstur þess er að kennsla var
hafin í pípulögnum sl. janúar.
Námið tekur 4 annir (2 ár) og
hefur verið kennt síðdegis eins
og „kvöldskólinn“ sem nefndur
var hér að ofan. Einnig er kennt
einstaka laugardaga fyrir hádegi.
Þessi áætlun fer að sjálfsögðu
eftir því hvort okkur takist að
fá nægilega marga nemendur í
námið eða a.m.k. 12 nemendur.
Aðstaða fyrir pípulagnir er til
staðar í Hamri, verknámshúsi
okkar.

Nú viljum við kanna hvort
forsenda sé fyrir því að taka inn
einn nýjan hóp í pípulögnum í
haust.

Því viljum við hvetja áhuga-
sama til að hafa samband við
skólann og leita frekari upp-
lýsinga og sækja um hið fyrsta.
Umsóknareyðublað er að finna á
www.fsu.is

Það er von okkar í FSu að
okkur takist að efla iðn- og
starfsnám í skólanum og styrkja
þar með okkar öfluga skóla enn
frekar.

Olga Lisa Garðarsdóttir,
skólameistari FSu

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDSDFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDSHafðu samband og fáðu tilboð í
auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

Við finnum bestu lausnina fyrir þig!



Eyravegi 25, 800 Selfoss
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036:

1. Breyting á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 - breyting á legu Selfosslínu 1

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 24. apríl 2024, tillögu að breyttu Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, vegna breyttrar legu Selfosslínu 1. Lýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, hefur verið kynnt almenníngi frá 8. febrúar 2024, til og með 29. febrúar 2024. Samhliða var lýsing kynnt vegna sambærilegrar breytingar á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Tillagan hefur verið kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga, frá 13. mars til og með 3. apríl 2024, í báðu sveitarfélögum. Í breytingunni felst breytt lega raflínu innan aðalskipulags Árborgar og Flóahrepps. Landsnet ráðgerir að Selfosslína 1 (66 kV) verði tekin niður á kaflanum frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 sem er norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár. Í staðinn verði lagður 132 kV jarðstrengur. Nýr jarðstrengur mun í meginráttum fylgja nýrri legu Suðurlandsvegar norðaustan við Selfoss og fara um nýja brú yfir Ölfusá, fylgir þaðan Ölfusá til norðurs. Áætluð lengd jarðstrengs frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 er um 3,1 km. Núverandi háspennulína og fyrirhugaður jarðstrengur liggja um Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp. Breytingin nær til þéttbýlis á Selfossi og dreifbýlis beggja vegna Ölfusár, norðan og austan við Selfoss. Breytingin nær einnig til dreifbýlis í Flóahreppi. Í breytti tillögu Aðalskipulags Árborgar 2020-2036, er gert ráð fyrir að strengurinn muni fara í jörðu norðan við Austurveg (var áður við Larsenstræti) frá Spennavirkishúsi Landsnets og til norðurs, austan við hreppamörk Flóahrepps. Til skoðunar er í samráði við Vegagerðina, að strenglega verði þar færð nær nýjum Suðurlandsvegi, þ.e. meðfram hringtorgi því er beinir umferð niður á núverandi hringtorg austast á Austurvegi.

Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar, vegna athugasemda við eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

2. Austurás L 208094 - Deiliskipulag frístundahúsa og aðstöðuhús

Bókun Bæjarstjórnar 15.5.2024:
Tillaga frá 27. fundi skipulagsnefndar, frá 24. apríl sl., liður 1. Austurás L 208094 - Deiliskipulag frístundahúsa og aðstöðuhús. Skipulagsnefnd samþykkti deiliskipulag frístundahúsa, auk aðstöðuhúss í landi Austurás L208094, á fundi skipulagsnefndar 14.2.2024 og samþykkti Bæjarstjórn Árborgar sama mál á fundi sínum 21.2.2024. „Larsen hönnun og ráðgjöf leggur fram tillögu að deiliskipulagi í landi Austurás L208094. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 4 frístundahúsum, auk aðstöðuhús, á 3ha spildu, norðan Votmúlavegar, við Lækjarmótaveg. Hámark byggingarmagns innan byggingarreits er 300 m², og er gert ráð

fyrir gistingu fyrir allt að 20 manns. Tillagan er í samræmi við kafla 4.2.1. í Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036." Tillagan hefur verið auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010, í Lögbirtingarblaði og Dagskránni frá 28.2.2024, með athugasemdafresti til 10.4.2024. Tillagan var einnig aðgengileg á heimasíðu Árborgar. Tvær athugasemdir bárust, annarsvegar frá Jóhönnu Eivinsdóttur Christiansen Austurmúla 1. L227703, og hinsvegar sameiginlegar athugasemdir frá Jóhönnu Eivinsdóttur Christiansen Austurmúla 1. L227703, Liselot Simoen Austurmúla 3. L227704, og Eiríki Jóhannessyni Lækjarmót Land L166198. Athugasemdir snúa að hugsanlegri mengun vegna ryks vegna aukinnar umferðar um Lækjarmótaveg. Bent er á að þar eru börn sótt í skóla af skólabíl og lýst yfir áhyggjum af öryggi þeirra, vegna aukinnar umferðar um veginn. Talinn verða forsendubrestur af hálfu íbúa í Austurási 1, ef það risi „ferðaiðnaður“ á þessum stað. Telja ofangreindir aðilar að með uppbyggingu frístundahúsa á þessum stað muni það hafa áhrif á endursöluverð eigna þeirra. Að lokum er borin fram tillaga um aðra staðsetningu, þar sem aðkoma yrði frá Votmúlavegi. Umsagnir bárust frá Brunavörnum Árnassýslu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands auk Vegagerðarinnar. Vegagerðin gerir athugasemd við að aðkoma inn á svæði frístundahúsa sé gegnt aðkomu inn að Austurmúla 1 og Austurmúla 3. Þá bendir Heilbrigðiseftirlit Suðurland á lausnir varandi regnvatn/ofanvatn. Nefndin þakkar fyrir innsendar athugasemdir. Austurás L208094 er skráð sem lögbýli samkvæmt lögbýlaskrá og fellur því að skilgreiningu Aðalskipulags Árborgar 2020-2036, þar sem eftirfarandi er fyrirskrifað: „Á bújörðum er heimilt að hafa húsnæði allt að 500 m² fyrir starfsemi sem er ótengd landbúnaði. Einnig er heimilt að byggja 4 stök frístundahús og vera með gistingu fyrir allt að 20 gesti.“ Staðsetning frístundahúsa miðast við að fjarlægð frá Votmúlavegi skuli vera minnst 100m. Verði húsum valinn annar staður nást ekki þau lágmörk. Nefndin telur að umferð muni ekki aukast það mikið að það verði örðugt að búa í nágrenni frístundahúsa vegna rykmengunar. Þá bendir nefndin á að ekki sé í hendi að lítið sem ekkert verði byggt við Lækjarmótaveg í nánustu framtíð, og eða að það verði sett bundið slitlag á veginn. Brugðist hefur verið við ofangreindum athugasemdum Vegagerðarinnar, með því að færa aðkomu sunnar um 50 m. Texti vegna athugasemda HES hefur einnig verið lagfærður. Skipulagsnefnd samþykkti lagfærða tillögu að deiliskipulagi í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, og mælist til að bæjarstjórn Árborgar samþykki tillöguna, tillögu að svörum við athugasemdum og feli skipulagsfulltrúa að senda skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga og auglýsa niðurstöðu Bæjarstjórnar Árborgar skv. 3. mgr. 41. gr. sömu laga.

Bragi Bjarnason, bæjarfulltrúi D-lista og Álfheiður Eymarsdóttir, bæjarfulltrúi Á-lista, taka til máls. Bragi Bjarnason, bæjarfulltrúi D-lista ber upp og leggur til eftirfarandi af-

greiðslutillögu: Bæjarstjórn Árborgar tekur undir með skipulagsnefnd og þakkar fyrir innsendar athugasemdir. Austurás L208094 er skráð sem lögbýli samkvæmt lögbýlaskrá og fellur því að skilgreiningu Aðalskipulags Árborgar 2020-2036, þar sem eftirfarandi er fyrirskrifað: „Á bújörðum er heimilt að hafa húsnæði allt að 500 m² fyrir starfsemi sem er ótengd landbúnaði. Einnig er heimilt að byggja 4 stök frístundahús og vera með gistingu fyrir allt að 20 gesti.“ Staðsetning frístundahúsa miðast við að fjarlægð frá Votmúlavegi skuli vera minnst 100m. Verði húsum valinn annar staður nást ekki þau lágmörk. Bæjarstjórn telur að umferð muni ekki aukast það mikið að það verði örðugt að búa í nágrenni frístundahúsa vegna rykmengunar. Þá bendir bæjarstjórn á að ekki sé fyrirséð hvort að ekkert verði byggt við Lækjarmótaveg í nánustu framtíð, og eða að það verði sett bundið slitlag á veginn. Brugðist hefur verið við ofangreindum athugasemdum Vegagerðarinnar, með því að færa aðkomu sunnar um 50 m. Texti vegna athugasemda Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hefur einnig verið lagfærður. Bæjarstjórn Árborgar samþykkir lagfærða tillögu að deiliskipulagi í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, og felur skipulagsfulltrúa að senda skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga og auglýsa niðurstöðu Bæjarstjórnar Árborgar skv. 3. mgr. 41. gr. sömu laga. Fundahlé tekið kl. 17.03. Fundi fram haldið kl. 17.08 Afgreiðslutillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ofangreind skipulagstillaga nr. 1, liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á slóðinni www.skipulagsgatt.is og á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Skipulagstillagan er auglýst með athugasemdafresti frá 29. maí 2024, til og með 10. júlí 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 10. júlí 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið www.skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærefrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson,
skipulagsfulltrúi



Ljósmynd: Instagram/bk_gudmundsson

„Bjarki, þetta var fyrir þig“

Stokkseyringurinn Björgvin Karl Guðmundsson komst í sögubækurnar þann 19. maí sl. þegar hann náði þeim undravörða árangri að komast í ellefta sinn í röð inn á Heimsleikana í CrossFit, en hann er fyrsti einstaklingurinn í sögu CrossFit íþróttarinnar sem hefur tekist að afreka það og verður hann sömuleiðis eini Íslendingurinn sem kemur til með að keppa um heimsmeistaratitil karla eða kvenna í ár.

Björgvin komst fyrst inn á heimsleikana árið 2014 og hefur ótrauður haldið dampi síðan en hann hefur tvisvar komist á verðlaunapall og átta sinnum verið meðal tíu efstu.

„Ó maður, þetta var svo sætt í þetta skiptið. Í byrjun þessa tímabils missti ég vin úr krabbameini. Ég missti æskuvín sem ólst upp í sama bæ og ég. Þessi 11. ferð á leikana er til-einkuð honum því ég mun aldrei gleyma áhrifunum sem hann hafði á mig og fólkið í kringum hann. Bjarki, þetta var fyrir þig,“ skrifaði Björgvin Karl á samfélagsmiðla sína eftir að ljóst var að hann væri á leið á elleftu leikana í röð. Æskuvínurinn sem um ræðir er Stokkseyringurinn Bjarki Gylfason sem lést þann 20. mars sl. eftir hetjulega baráttu við krabbamein, aðeins 35 ára gamall.

Með 384 stigum á undanúr-

slitamóti Evrópu, sem fram fór í Lyon í Frakklandi á dögunum, tryggði Björgvin sér 7. sætið, þaðan sem tíu efstu keppendurnir komust áfram á heimsleikana.

Keppnin hófst ekki vel fyrir Björgvin. Hann var í 16. sæti eftir fyrstu greinina og færðist aðeins upp í 13. sæti eftir tvær greinar. Þrátt fyrir þessa byrjun hélt hann áfram að bæta sig og var kominn í 12. sæti eftir þrjár greinar. Eftir 4. greinina var hann kominn í topp tíu og endaði í 8. sæti fyrir lokagreininna. Í henni náði hann svo frábærum árangri og endaði í 7. sæti, sem fullkomnaði stórkostlega endurkomu hans og gerði Bjarka án efa stoltan.

HGL

BRACAF VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

800
LAGNIR
ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Þreint um allt Suðurland

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS
Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun
Sími 510 1180 - Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Ökukennsla
Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798
Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem
þagmennirnir vinna
★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyirn.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is